

Tillaga lögð fram á aðalfundi KEA, 30. apríl 2014

Undirritaður leggur til við aðalfund KEA, haldinn í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 30. apríl 2014 að stjórn og framkvæmdastjóra félagsins verði falið að leita eftir samningum við Akureyrarbæ og eftir atvikum Vetrariþróttamiðstöð Íslands um að standa að uppbyggingu í Hlíðarfjalli við Akureyri.

Markmið samninga skal vera að félag í eigu KEA, Akureyrarbæjar og etv. annarra áhugasamra aðila byggi kláfferju upp á Hlíðarfjall og taki að sér rekstur og uppbyggingu skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.

Stjórn og framkvæmdastjóra er heimilt að ráðstafa allt að einum milljarði króna (1.000.000.000 kr.) til verkefnisins og skulu samningar ef þeir nást verða lagðir fyrir aðfund KEA til samþykktar á næsta ári, 2015. Ef samningar takast ekki á árinu skal félagsmönnum KEA verða gerð ítarleg grein fyrir ástæðum þess á næsta aðalfundi.

Greinargerð með tillögunni

KEA hefur yfir umtalsverðum fjármunum að ráða sem ekki hafa verið ávaxtaðir með viðunandi hætti undanfarin ár, eða verið notaðir nægilega vel til að styðja við mannlíf og uppbyggingu á félagssvæðinu. Margt bendir til þess að bygging kláfferju upp á Hlíðarfjall geti verið góður fjárfestingarkostur fyrir KEA og stutt þau félagslegu markmið sem félaginu er ætlað að sinna.

Akureyrarbær hefur með stuðningi ríkisins í gegnum Vetrariþróttamiðstöð Íslands rekið skíðasvæðið í Hlíðarfjalli. Svæðið þarf á uppbyggingu að halda til að geta þjónað vaxandi hópi gesta, en Akureyrarbær hefur ekki nægilega burði til að fjármagna endurbætur og þróun svæðisins.

Vaxandi fjöldi ferðamanna bæði á vetrum og sérstaklega á sumrin gefur möguleika á að láta reyna á rekstrarforsendur kláfferju upp á Hlíðarfjall. Kláfferjan myndi nýtast jafnt á sumrum sem vetrum og yrði kærkominn möguleiki til afþreyingar fyrir ferðamenn. Ekki er ósennilegt að kláfferjan gæti ein og sér orðið nægileg ástæða fyrir ferðamenn til að leggja leið sína til Norðurlands.

Unnar Jónsson, félagsmaður í KEA